

Fréttabréf

Apríl 2009 - 1. tölublað - 12. árgangur

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

Samstarfsverkefni um eldvarnir

Félagsbústaðir hf. hafa tekið höndum saman við VÍS, sem annast hefur tryggingarmál félagsins undanfarin ár, um formlegt samstarf varðandi forvarnir í húseignum félagsins með góðri aðstoð frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS). Markmið samstarfsins er fyrst og fremst að auka öryggi leigjenda með því að efla vitund þeirra varðandi fyrirbyggjandi eldvarnir heimilisins.

Við afhendingu íbúðar er ávallt séð til þess að reykskynjarar og eldvarnarteppi séu til staðar og slökkvitæki í sameignum. Nauðsynlegt er hins vegar að íbúar gæti þess að þessar brunavarnir séu virkar með því að prófa reykskynjara og skipta um rafhlöðu ef með þarf og eldvarnarteppi séu aðgengileg í eldhúsi. Þá er mikilvægt að húsráðendur gefi sér tíma til þess að æfa viðbrögð við eldsvoða og fari yfir flóttaleiðir. Það ætti að vera regla á hverju heimili að athuga með kertaljós og öskubakka og ennfremur sjá til þess að slökkva á vélum og tækjum áður en gengið er til náða eða húsnaðið yfirgefið.

Lögboðin brunatrygging húsnaðis er á ábyrgð Félagsbústaða sem eiganda húsnaðis. Sú trygging bætir ekki tjón á

innbúi hvort sem bruninn á sér stað í viðkomandi íbúð eða í annarri íbúð í húsinu. Innbú þarf að tryggja sérstaklega og eru leigjendur Félagsbústaða því hvattir til þess að huga að því að innbú þeirra sé tryggt með viðunandi hætti.

Félagsbústaðir leggja á það áherslu að brunavarnir séu fullnægjandi í húseignum félagsins og eru leigjendur félagsins hvattir til þess að leggja sitt af mörkum til þess að svo megi verða, annars vegar með ábendingum um úrbætur og hins vegar með því að sýna aðgát og fyrirbyggju varðandi eldvarnir heimilisins því það er of seint að vera vitur eftir á.




Friðrik Bragason hjá VÍS og Sigurður framkvæmdastjóri handsala samninginn



Leiðbeiningar um eldvarnir

Í tilefni af eldvarnarátakinu hafa Félagsbústaðir útbúið leiðbeiningarblað um eldvarnir sem fylgir með fréttabréfinu að þessu sinni og er einnig aðgengilegt á heimasíðu félagsins. Í því er á einfaldan hátt farið yfir þau atriði sem huga þarf að til að eldvarnir séu sem skyldi. Leiðbeiningarnar eru gerðar í samstarfi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og VÍS og er vonast til þess að leigjendur noti tækifærið og yfirfari eldvarnir og öryggisatriði á sínu heimili.

Það er allra hagur að draga úr hættu á slysum á fólki og eignatjóni af völdum elds og er þetta viðleitni Félagsbústaða í að auka öryggi íbúa í húsum sínum. Þú tryggir ekki eftir á og því vonumst við til að þetta sé leigjendum hvatning til góðra verka í eldvörnum heimilisins.



Leiðbeiningarblaðið um eldvarnir

Tryggingar hjá VÍS

FORVARNIR VÍS bíður fjölbreytt úrval trygginga fyrir innbú. Heimilistrygging veitir góða vernd á innbúi til dæmis gegn bruna, vatni og innbroti svo eitthvað sé nefnt. Jafnframt er innifalin ábyrgðartrygging einstaklings sem tryggir þig gegn hugsanlegri skaðabótaskyldu vegna tjóns á mönnum eða munum í eigu annarra.



Þá er boðið upp á fjórar misviðtækar samsettar fjölskyldutryggingar sem kallast F plús. Það helsta sem F plús hefur umfram Heimilistryggingu er frítímaslysaftrygging og ferðatrygging. F plús 1 er hagkvæmust og innifelur ekki ferðatryggingu eins og aðrar F plús tryggingar. Verðdæmi*:

Heimilistrygging:
815 kr. á mánuði

F plús 1 fjölskyldutrygging:
1.172 kr. á mánuði

*Miðað við 5.500.000 kr. í innbúsverðmæti og gjaldskrá 1.02.2009, stimpilgjald ekki innifalið.

Útgefandi:  FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.
Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.
Sími: 520-1500 · Fax: 520-1516
Upplag: 2300 eintök
Ábyrgðarmaður: Sigurður Kr. Friðriksson
www.felagsbustadir.is

Húsaleigubætur

FJÁRMÁL Almennar og sérstakar húsaleigubætur eru tekjutengdur stuðningur til leigjenda sem eru undir skilgreindum tekju- og eignamörkum. Félagsbústaðir hf. hvetja hér með leigjendur til þess að skoða rétt sinn til húsaleigubóta.



Í þessu sambandi viljum við vekja athygli þeirra sem orðið hafa fyrir launaskerðingu eða misst vinnuna á síðustu mánuðum að hafa samband við þjónustumiðstöð í sínu hverfi.

Þar er hægt að koma á framfæri upplýsingum um lækkaðar tekjur frá árinu 2008 til þess að koma í veg fyrir skerðingu húsaleigubóta sökum of hárra tekna.



Símatímar Félagsbústaða
Þjónustudeild - kl. 9:00- 10:00
í síma 520-1500 alla virka daga.
Innheimtustjóri - kl.11:00-12:00
í síma 520-1500 alla virka daga.
Bilanatilkygningar - kl.13:00-15:00
í síma 557-9664 alla virka daga.